

VERÐLAGNING ÁFENGIS Á ÍSLANDI
Er áfengisgjaldið vandamál?

Reynir Ragnarsson MBA
Löggiltur endurskoðandi.

desember 2004.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	2
2	Samantekt	2
3	Áfengissala á Íslandi	2
3.1	Fyrirkomulag sölunnar.....	2
3.2	Heildsala – smásala	3
3.3	Gjöld á áfengi.....	3
3.4	Hluti ríkissjóðs	4
3.5	Hluti annarra	4
4	Áfengissala í öðrum Evrópulöndum	5
4.1	Fyrirkomulag sölunnar.....	5
4.2	Gjöld á áfengi.....	5
4.3	Verðlagning vörunnar	7
5	Áfengisgjald á Íslandi í samanburði við önnur lönd.....	7
6	Skipting útsöluverðs áfengis	8
6.1	Smásala í verslunum ÁTVR.....	8
6.2	Smásala hjá handhöfum vínveitingaleyfa	10
7	Niðurstöður og lokaorð.....	12
8	Fylgiskjöl og yfirlit.....	14

1 Inngangur

Undanfarin ár hefur reglulega komið upp umræða um hátt áfengisverð á Íslandi í samanburði við önnur lönd. Hafa málshefjendur þá iðulega fullyrt að hátt áfengisverð á Íslandi standi ferðapjónustunni fyrir þrifum og að nauðsynlegt sé að ríkissjóður lækki þær álögur sem hann leggi á áfengi. Að frumkvæði samgönguráðuneytisins hefur undirritaður skoðað þessi mál og dregið saman á einn stað nauðsynlegar upplýsingar um, á hvern hátt áfengisverð á Íslandi er uppbyggt bæði í heildsölu og smásölu.

2 Samantekt

Niðurstaða þessarar könnunar er að áfengisgjald er hæst á Íslandi ef miðað er við önnur lönd Evrópu. Aðeins á Norðurlöndunum að Danmörku undanskilinni er ríkiseinkasala á áfengi. Í þeim löndum er einnig hæsta áfengisgjaldið. Það kemur einnig fram að álagning á áfengi á veitingastöðum á Íslandi er mjög há a.m.k. ef miðað er við vörur og þjónustu almennt. Hlutfall veitingahúsanna á Íslandi í útsöluverði áfengis er frá 50%-60% af útsöluverðinu. Hátt áfengisgjald á Íslandi á bjór og létt vín, sem eru um 65% af seldu áfengi, skýrir ekki ein og sér háa verðlagningu þessarra tegunda í vínveitingahúsum. Ef lækka á áfengisverð á Íslandi þarf að koma samstillt átak hagsmunaaðila í þá veru að lækka bæði áfengisgjaldið og álagningu vínveitingahúsa á sama tíma.

3 Áfengissala á Íslandi

3.1 Fyrirkomulag sölunnar

Á Íslandi er ríkiseinkasala á öllu áfengi þ.e. bjór, léttum vínum og sterkum vínum, sbr. lög nr. 75/1998. Íslenska ríkið rekur fyrirtækið Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ÁTVR, sem hefur með að gera alla smásölu áfengis á Íslandi til annarra en þeirra sem hafa vínveitingaleyfi. Fram til 1. desember 1995 hafði ÁTVR einkarétt á innflutningi og

allri sölu áfengis á Íslandi, en með lögum nr. 94/1995 var einkaréttur ÁTVR til innflutnings og sölu áfengis til endurseljenda afnuminn. Endurseljendur áfengis eru handhafar vínveitingarleyfa s.s. veitingahús, barir, hótél og aðilar í veitingarekstri.

3.2 Heildsala – smásala

Heildsala áfengis fer fram hjá innflytjendum, umboðsmönnum, viðkomandi áfengistegundar bæði til Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, ÁTVR, og til veitingahúsa. Smásala fer fram í verslunum sem ÁTVR rekur, eða eru reknar með samningi við ÁTVR og hjá handhöfum vínveitingaleyfa. Veitingahús, handhafar vínveitingaleyfa, selja viðskiptavinum sínum áfengi í smásölu til neyslu í viðkomandi veitingahúsi eða starfstöð.

3.3 Gjöld á áfengi

Á áfengi er lagt svokallað áfengisgjald, sem lagt er á hvern lítra áfengis skv. lögum nr. 96/1995. Áfengisgjaldið er lagt á m.v. styrkleika áfengisins, ákveðin krónutala á hvern hundraðshluta í styrkleika áfengisins. Í eftirfarandi töflu sést hve há fjárhæð áfengisgjaldið er af þremur tegundum áfengis¹.

	>15% sterk vín	<15% létt vín	bjór
Styrkleiki	40,00	14,00	4,60
Frímarks %	0,00	2,25	2,25
Krónutala pr. %	70,78	52,80	58,70
Magn	0,70	0,75	0,50
Áfengisgjald	1.981,84	465,30	68,97

Á innkaupsverð áfengis leggur ÁTVR álagningu til að standa undir sinni þjónustu. Innflytjendur áfengis leggja heildsöluálagningu á kostnaðarverð vörunnar auk áfengisgjaldsins, en áfengisgjaldið greiða þeir í tolli við innflutning vörunnar. Auk þessarra gjalda er innheimtur virðisaukaskattur af sölu áfengis. Þessar álögur hafa allar beint áhrif á lokaverð áfengisins.

¹ Skv. lögum nr. 96/1995, sbr. 1. gr. laga nr. 118/2004.

3.4 Hluti ríkissjóðs

Áfengisgjald á hvern lítra áfengis rennur til ríkissjóðs að auki má líta á álagningu ÁTVR sem hluta ríkissjóðs í verðinu. Á árinu 2003 nam áfengisgjald samtals 6.426 milljónum króna², sem skiptist þannig að af innlendri framleiðslu voru greiddar 1.708 milljónir króna í áfengisgjald og af innfluttu áfengi voru greiddar 4.718 milljónir króna. ÁTVR gefur út verðlista með útsöluverði áfengis, sem er til sölu í verslunum fyrirtækisins. Álagning ÁTVR er um liðlega 9% á innkaupsverð létt víns og bjórs en liðlega 5% á brennt vín³. Hagnaður af rekstri ÁTVR árið 2003 nam um 427 milljónum króna, af hagnaði voru greiddar 133 milljónir króna í formi arðs til ríkissjóðs⁴.

3.5 Hluti annarra

Nánast allt áfengi sem flutt er inn til Íslands fer í gegnum sjálfstæða innflytjendur. Innflytjendur leggja á áfengið álagningu til að standa undir sínum kostnaði. Frjáls álagning er á áfengi á Íslandi, þannig að innflytjendur og smásalar geta ráðið hvað þeir leggja á sínar vörur. Á árinu 2003 var meðalálagning innflytjenda á áfengi um 10-25%⁵. Hér er eingöngu um heildsöluálagningu að ræða því innflytjendur hafa ekki heimild til að selja áfengi í smásölu. Veitingahús þ.e. handhafar vínveitingaleyfa hafa heimild til að selja áfengi í smásölu á því verði sem þau vilja. Verðlagningu áfengis er mjög svipað háttað hjá flestum veitingahúsum og börum. Mismunur á verði liggur aðallega í misjöfnum gæðum vörunnar og þjónustu. Ekki liggja fyrir tölur um selt magn áfengis hjá handhöfum vínveitingaleyfa. Í könnun sem gerð var á útsöluverði algengra áfengis-tegunda hjá nokkrum veitingahúsum kom í ljós að álagning þeirra var á bilinu 170-250% á innkaupsverð áfengisins. Í meðfylgjandi töflu (bls. 14-15) er yfirlit yfir álagningu á nokkrar vinsælustu tegundir áfengis á Íslandi m.v. verðlista 1. september 2004.

² Skv. ársskýrslu RSK 2003.

³ Skv. ársskýrslu ÁTVR 2003.

⁴ Skv. ársskýrslu ÁTVR 2003.

⁵ Skv. upplýsingum innflytjanda.

4 Áfengissala í öðrum Evrópulöndum

4.1 Fyrirkomulag sölunnar

Í öllum löndum sem eru með eða hafa sótt um aðild að Evrópusambandinu, ESB, nema í Svíþjóð og Finnlandi er frjáls sala á áfengi. Á Norðurlöndunum er því ríkiseinkasala á áfengi í öllum löndunum nema í Danmörku. Sala áfengis í ESB-löndunum fer yfirleitt þannig fram að smásala áfengis er í stórmörkuðum, bensínstöðvum eða sérstökum verslunum sem reknar eru af einkaaðilum. Sala til veitingahúsa og smásöluaðila fer fram beint frá framleiðendum eða innflytjendum.

4.2 Gjöld á áfengi

Öll lönd ESB leggja gjald á áfengi, en samkvæmt tilskipun ESB er kveðið á um lágmarks gjaldhlutfall á áfengi.

Samkvæmt tilskipuninni er lágmarksgjaldhlutfallið þannig:

Bjór:

0,748 evrur á hvern hektólítra m.v. hlutfall Plato⁶;

1,87 evrur á hvern hektólítra m.v. hlutfall vínanda í tilbúnum bjór;

Vín:

0 evrur á hvern hektólítra;

Millisterkt vín:

45 evrur á hvern hektólítra;

Brenndir drykkir:

550 evrur á hvern hektólítra.

Mjög mismunandi er hve mikið einstök ríki nýta sér þessa heimild að leggja á áfengisgjald á áfengi. Í eftirfarandi töflu sést hve há áfengisgjöld eru lögð á þrjá flokka áfengis í aðildarlöndum ESB og þeim löndum sem þegar hafa sótt um aðild. Til samanburðar er álagt áfengisgjald á Íslandi sýnt í töflunni.

⁶ Mælieining sem er notuð til að mæla þurrefnisinnihald eða eðlisþyngd ógerjaðrar virtrar sem er vökvinn sem breytist í bjór við gerjun.

Yfirlit yfir álagt áfengisgjald:

	Sterkt (íkr) lítri 40%	Vín (íkr) lítri 11%	Bjór (íkr) lítri 5%
Austurríki	342,00	0,00	22,00
Belgía	568,00	46,00	18,00
Búlgaríá	88,00	15,00	3,00
Bretland	1.066,00	239,00	81,00
Danmörk	667,00	92,00	40,00
Eistland	317,00	65,00	15,00
Finnland	970,00	207,00	86,00
Frakkland	496,00	3,00	11,00
Þýskaland	447,00	0,00	8,00
Grikkland	323,00	0,00	12,00
Holland	609,00	57,00	21,00
Írland	1.348,00	263,00	85,00
<i>Ísland</i>	<i>2.831,00</i>	<i>462,00</i>	<i>161,00</i>
Ítalía	220,00	0,00	15,00
Kýpur	71,00	0,00	19,00
Lettland	316,00	49,00	9,00
Litháen	317,00	42,00	9,00
Luxemburg	356,00	0,00	8,00
Malta	829,00	0,00	8,00
Noregur	2.327,00	417,00	166,00
Pólland	369,00	32,00	18,00
Portúgal	302,00	0,00	13,00
Rúmenía	37,00	6,00	5,00
Slóvakía	205,00	0,00	8,00
Spánn	254,00	0,00	8,00
Svíþjóð	1.891,00	208,00	69,00
Tékkland	263,00	0,00	0,40
Tyrkland	1.183,00	123,00	54,00
Ungverjal.	235,00	2,00	16,00

Heimild: FÍS., Guðmunda Smáradóttir.


4.3 Verðlagning vörunnar

Í löndum ESB er álagning á áfengi frjál. Erfitt er að fá upplýsingar um hver álagning er á einstökum stigum sölunnar vegna þess fyrirkomulags sem er á sölu og dreifingu varanna. Hægt er þó að fullyrða að útsöluverð áfengis er töluvert lægra í þessum löndum hvort sem um er að ræða í vínbúð eða á veitingahúsi. Helstu undantekningar frá þessu eru í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð þar sem verð á áfengi er í mörgum tilvikum sambærilegt og á Íslandi.



5 Áfengisgjald á Íslandi í samanburði við önnur lönd

Eins og sést í töflu á bls. 6 er áfengisgjald á Íslandi það hæsta í Evrópu, aðeins í Noregi er áfengisgjaldið svipað og hérlendis.

Á myndrænan hátt hér á eftir er sýnt áfengisgjald á Íslandi m.v. önnur lönd í Evrópu.⁷



⁷ Skv. upplýsingum FÍS., Guðmunda Smáradóttir.



6 Skipting útsöluverðs áfengis


6.1 Smásala í verslunum ÁTVR

Eins og áður hefur komið fram þá hefur ÁTVR einkarétt á sölu áfengis í smásölu til neytenda. Á árinu 2003 voru seldir í verslunum ÁTVR um 14,7 milljón lítrar af áfengi. Af þessari sölu voru þrjár áfengistegundir lang stærstar þ.e. bjór 41,4%, rauðvín 17,8% og vodka 10,3% af heildarsölu⁸. Verðlagning ÁTVR er mjög gegnsæ og eru allar upplýsingar um uppbyggingu hennar veittar í ársskýrslum fyrirtækisins. Til að átta sig á


⁸ Skv. ársskýrslu ÁTVR 2003.

og meta hvaða áhrif lækkun áfengisgjald gæti haft á útsöluverð áfengis er hér á eftir sýnd myndrænt skipting útsöluverðs nokkurra áfengistegunda.

Eftirfarandi er skipting verðs í verslunum ÁTVR




Útsöluverð 0,5 lítra bjórs hjá ÁTVR. 159.- kr.



Útsöluverð 0,75 lítra rauðvíns hjá ÁTVR. 1.390.- kr.

Af útsöluverði bjórs í verslunum ÁTVR er um 63% hluti ríkisins þ.e. virðisaukaskattur og áfengisgjald og 53% af útsöluverði rauðvíns.



Útsöluverð 0,7 lítra sterkt vín, vodka, hjá ÁTVR 3.120.- kr.

Af útsöluverði sterkra vína er um 84% hluti ríkisins í þ.e. virðisaukaskattur og áfengisgjald.


Það er því alveg ljóst að lækkun áfengisgjalds mun hafa veruleg áhrif á smásöluverð til neytenda auk þess sem virðisaukaskattur mun einnig lækka þar sem hann leggst á lægri stofn.

6.2 Smásala hjá handhöfum vínveitingaleyfa


Eins og áður hefur komið fram þá gildir frjáls álagning á áfengi hjá handhöfum vínveitingaleyfa. Aflað var upplýsinga um verð áfengis hjá einstökum veitingahúsum með því að skoða verðlista sem birtir voru á heimasíðum veitingastaðanna á internetinu. Töluvert samræmi var á milli staða varðandi verðlagninguna. Hér á eftir verður á myndrænan hátt sýnt hvernig útsöluverðs áfengis á veitingastöðum skiptist annars vegar á milli veitingarstaðarins og hins vegar ríkisins. Á fylgiskjali (bls. 14-15) hér aftar er listi yfir verð og álagningu nokkurra algengra tegunda⁹.

⁹ Skv. heimasíðu nokkurra veitingahúsa.


Eftirfarandi er skipting verðs í smásölu á veitingahúsi.



Útsöluverð 0,5 lítra bjór hjá handhafa vínveitingaleyfis 600.- kr.



Útsöluverð 0,75 lítra rauðvínsflösku hjá handhafa vínveitingaleyfis 3.890.- kr.



Útsöluverð 0,7 lítra vodkaflösku hjá handhafa vínveitingarleyfis 10.500.- kr.

Eins og af þessum myndum sést þá er hlutur veitingahúsanna frá 51% - 60% af útsöluverði vörunnar.

Á ofanrituðum myndum sést að áfengisgjaldið er ekki stór hluti af útsöluverði áfengisins eða 11% af bjór, 12% af rauðvíni og 19% af sterku víni. Það verður því að telja að breyting á áfengisgjaldi til lækkunar hafi ekki afgerandi áhrif á hátt áfengisverð á Íslandi. Má í því sambandi benda á að jafnvel þótt áfengisgjald yrði fellt niður af bjór sem er yfir 40% af seldu áfengi á Íslandi þá lækkar verð hans á veitingastöðum aðeins um 86 kr. ef álagning veitingahúsanna helst óbreytt.

7 Niðurstöður og lokaorð

Í þessari skýrslu er leitast við að draga saman upplýsingar á hvern hátt verðlagningu áfengis er háttáð á Íslandi í samanburði við önnur Evrópulönd og hvort áfengisgjald sé aðeins á Íslandi. Einnig er leitast við að sýna hver sé hluti ríkisins í lokaverði vörunnar og hvort hátt áfengisgjald sé afgerandi þáttur í háu áfengisverði á Íslandi.

Það er ljóst að áfengisgjald er lagt á áfengi í nánast öllum ríkjum Evrópu, álagning gjaldsins á Íslandi sker sig úr með því að vera hæsta gjaldið. Samanburður á verði er ekki raunhæfur vegna þess frjálsa sölufyrirkomulags sem viðgengst í flestum ríkjum Evrópu þannig að erfitt er að nálgast upplýsingar um innkaupsverð vörunnar.

Hægt er að fullyrða að hátt áfengisverð á Íslandi er ekki aðeins áfengisgjaldinu að kenna. Há álagning á vínveitingahúsum hefur hér veruleg áhrif. Engin afstaða er tekin til þess hvort sú álagning sé eitthvað óeðlileg. Á Íslandi er frjáls samkeppni og frjáls álagning þannig að verðlagning áfengis hlýtur að taka mið af markaðnum á hverjum tíma. Ef lækka á áfengisverðið á Íslandi verða hagsmunaaðilar, bæði ríkið og handhafar vínveitingaleyfa, að taka höndum saman í þeim efnum með því að lækka bæði áfengisgjaldið og álagningu hjá veitingahúsunum.

Í eðli sínu er það pólitísk ákvörðun á hvern hátt verðlagningu áfengis eigi að vera háttað út frá ýmsum sjónarmiðum s.s. skattalegum og forvarnarlegum, heilbrigðissjónarmiði og þeim almennu viðhorfum til áfengis í þjóðfélaginu. Í þessarri skýrslu er ekki tekin nein afstaða til þessara þátta.

Reykjavík 15. desember 2004.

Reynir Ragnarsson MBA,
löggiltur endurskoðandi.

8 Fylgiskjöl og yfirlit

Yfirlit yfir innkaupsverð og útsöluverð ÁTVR og veitingahúsa.

Rauðvín

Land:	Heiti:	Útsöluverð		Innkaups- verð	Útsöluverð veitingah.	Útskattur	Útsölu verð	Álagning %
		ÁTVR	Innskattur					
Frakkland	Bordeaux, Mouton Cadet	1.290,00	253,87	1.036,13	3.980,00	783,26	3.196,74	208,53%
	Bordeaux, Michel Lynch	1.190,00	234,19	955,81	3.700,00	728,16	2.971,84	210,92%
	Chateau de Rions	1.180,00	232,22	947,78	3.720,00	732,10	2.987,90	215,25%
	Chateau de Rions special reserve	1.580,00	310,94	1.269,06	4.150,00	816,72	3.333,28	162,66%
	Laforet Pinot Noir	1.490,00	293,23	1.196,77	3.870,00	761,62	3.108,38	159,73%
	Beaujolais Villages	1.250,00	246,00	1.004,00	3.560,00	700,61	2.859,39	184,80%
	Chateauneuf du Pape	2.540,00	499,87	2.040,13	5.950,00	1.170,96	4.779,04	134,25%
Ítalía	Valpolicella classico	1.190,00	234,19	955,81	3.310,00	651,41	2.658,59	178,15%
	Valpolicella classico superiore	1.390,00	273,55	1.116,45	3.780,00	743,90	3.036,10	171,94%
	Valpolicella sagramoso	1.090,00	214,51	875,49	3.210,00	631,73	2.578,27	194,50%
	Morgante nero	1.390,00	273,55	1.116,45	3.890,00	765,55	3.124,45	179,86%
Suður Afrík	Drostdy Hof Cabernet	1.090,00	214,51	875,49	3.270,00	643,54	2.626,46	200,00%
Ástralía	Rosemount Estate cabernet	1.390,00	273,55	1.116,45	3.890,00	765,55	3.124,45	179,86%
	Rosemount Estate Shiraz	1.390,00	273,55	1.116,45	3.890,00	765,55	3.124,45	179,86%
Chile	Montes Cabernet	1.190,00	234,19	955,81	3.510,00	690,77	2.819,23	194,96%
	Santa Rita Reserva Cabernet	1.390,00	273,55	1.116,45	3.890,00	765,55	3.124,45	179,86%
Argentína	Finca Flichman Syrah	1.150,00	226,32	923,68	3.360,00	661,25	2.698,75	192,17%

Hvítvín

Land:	Heiti:	Útsöluverð		Innkaups- verð	Útsöluverð veitingah.	Útskattur	Útsölu verð	Álagning %
		ÁTVR	Innskattur					
Frakkland	Riesling Cuvée réserve	1.390,00	273,55	1.116,45	3.730,00	734,06	2.995,94	168,35%
	Riesling Hugel	1.440,00	283,39	1.156,61	3.930,00	773,42	3.156,58	172,92%
	Laforet Chardonnay	1.390,00	273,55	1.116,45	3.890,00	765,55	3.124,45	179,86%
	Bourgogne Blanc Faiveley	1.390,00	273,55	1.116,45	3.890,00	765,55	3.124,45	179,86%
	Petit Chablis	1.360,00	267,65	1.092,35	3.890,00	765,55	3.124,45	186,03%
	Chablis Moreau	1.390,00	273,55	1.116,45	3.890,00	765,55	3.124,45	179,86%
Suður Afríka	Drostdy Hof Sauvignon Blanc	990,00	194,83	795,17	3.520,00	692,74	2.827,26	255,56%
	Drostdy Hof Chardonnay	990,00	194,83	795,17	3.490,00	686,83	2.803,17	252,53%
Ástralía	Rosemount Estate Chardonnay	1.380,00	271,58	1.108,42	3.880,00	763,58	3.116,42	181,16%
	Rosemount Semillion Chardonnay	1.160,00	228,29	931,71	3.660,00	720,29	2.939,71	215,52%
Chile	Montes Alpha Chardonnay	1.590,00	312,91	1.277,09	4.590,00	903,31	3.686,69	188,68%
	Carmen Chardonnay Reserve	1.090,00	214,51	875,49	3.850,00	757,68	3.092,32	253,21%
Argentína	Alamos Chardonnay	1.230,00	242,06	987,94	3.860,00	759,65	3.100,35	213,82%

Bjór

Land:	Heiti:	Umb	Styrkl.	Magn	Útsöluverð		Innkaups- verð	Útsöluverð veitingah.	Útskattur	Útsölu verð	Álagning %	
					ÁTVR	Innskattur						
Danmörk	Faxe	dós	4,6	0,5	159,00	31,29	127,71	600,00	118,08	481,92	277,36%	
	Faxe	dós	4,6	0,33	119,00	23,42	95,58	550,00	108,24	441,76	362,18%	
	Ceres	dós	5,6	0,5	196,00	38,57	157,43	600,00	118,08	481,92	206,12%	
	Ceres	dós	5,6	0,33	139,00	27,36	111,64	550,00	108,24	441,76	295,68%	
	Tuborg gold	dós	5,5	0,5	197,00	38,77	158,23	600,00	118,08	481,92	204,57%	
	Tuborg gold	dós	5,5	0,33	165,00	32,47	132,53	550,00	108,24	441,76	233,33%	
Ísland	Tuborg	dós	4,5	0,5	179,00	35,23	143,77	600,00	118,08	481,92	235,20%	
	Tuborg	dós	4,5	0,33	151,00	29,72	121,28	550,00	108,24	441,76	264,24%	
	Carlsberg	dós	4,5	0,5	199,00	39,16	159,84	600,00	118,08	481,92	201,51%	
	Carlsberg	dós	4,5	0,33	151,00	29,72	121,28	550,00	108,24	441,76	264,24%	
	Egils gull	dós	5	0,5	196,00	38,57	157,43	600,00	118,08	481,92	206,12%	
	Egils gull	dós	5	0,33	153,00	30,11	122,89	550,00	108,24	441,76	259,48%	
	Egils pilsner	dós	4,5	0,5	153,00	30,11	122,89	600,00	118,08	481,92	292,16%	
	Egils pilsner	dós	4,5	0,33	136,00	26,76	109,24	550,00	108,24	441,76	304,41%	
	Thule	dós	5	0,5	197,00	38,77	158,23	600,00	118,08	481,92	204,57%	
	Thule	dós	5	0,33	155,00	30,50	124,50	550,00	108,24	441,76	254,84%	
	Viking	dós	5,6	0,5	216,00	42,51	173,49	600,00	118,08	481,92	177,78%	
	Viking	dós	5,6	0,33	159,00	31,29	127,71	550,00	108,24	441,76	245,91%	
	Viking lager	dós	4,5	0,5	156,00	30,70	125,30	600,00	118,08	481,92	284,62%	
	Viking lager	dós	4,5	0,33	149,00	29,32	119,68	550,00	108,24	441,76	269,13%	
Þýskaland	Beck's	dós	5	0,33	147,00	28,93	118,07	550,00	108,24	441,76	274,15%	
	Beck's	dós	5	0,5	207,00	40,74	166,26	600,00	118,08	481,92	189,86%	
	Bitburger	dós	4,7	0,5	210,00	41,33	168,67	600,00	118,08	481,92	185,71%	
	Bitburger	dós	4,7	0,33	160,00	31,49	128,51	550,00	108,24	441,76	243,75%	
Holland	Grosch	dós	4,5	0,5	194,00	38,18	155,82	600,00	118,08	481,92	209,28%	
	Grosch	dós	5	0,33	161,00	31,68	129,32	500,00	98,40	401,60	210,56%	
Bjór í kútum		verð		magn l.	verð pr. 0,5							
	Beck's	12.820	5	30	213,67	42,05	171,62	600,00	118,08	481,92	180,81%	
	Carlsberg	12.950	4,6	30	215,83	42,48	173,36	600,00	118,08	481,92	177,99%	
	Egils gull	10.990	5	25	219,80	43,26	176,54	600,00	118,08	481,92	172,98%	
	Thule	13.200	4,7	30	220,00	43,30	176,70	600,00	118,08	481,92	172,73%	
	Tuborg grön	10.790	4,5	25	215,80	42,47	173,33	600,00	118,08	481,92	178,04%	
	Viking lager	11.970	4,4	30	199,50	39,26	160,24	600,00	118,08	481,92	200,75%	

Sterkt vín

	40%				cl		cl		cl		söluverð			álagning
	Innkaupsv	vsk	innk.verð	Áfengisgj	magn	1 faldur	söluverð	2 faldur	söluverð	vsk	söluverð	flösku		
Vodka	3.120	614	2.506	1.982	70	3	450	6	900	177	723	8.434	237%	
Gin	3.120	614	2.506	1.982	70	3	450	6	900	177	723	8.434	237%	
Whisky	3.520	693	2.827	1.982	70	3	450	6	900	177	723	8.434	198%	
Gos pr. Glas	150	30	120	0	100	19	200	19	200	39	161	845	602%	

Verð á gosi er áætlað 150.- pr. Lítra.
Ekki er hægt að fá upp nákvæmt verð
því ýmsir afslættir og verðtilboð eru í
gangi.